

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Lindargötu 10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2023

**Efni: Umsögn FÍN vegna drög að reglum um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um störf forstöðumanna - Mál nr. 178/2023**

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) er stéttarfélag og í samræmi við lög félagsins setur það hér með fram umsögn félagsins um drög að reglum um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um störf forstöðumanna, er birt var fram þann 2. október 2023.

FÍN er stéttarfélag félagsfólks sem hefur lokið að minnsta kosti bakkalár prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir. Vert er að taka fram að FÍN telst ekki til fagfélags heldur eingöngu stéttarfélags og starfar félagið á sviði vinnuréttar og gætir hagsmunum félagsfólks síns er tengjast beint eða óbeint starfi þeirra, s.s. hvað varðar laun, starfsöryggi, frítíma og hver önnur kjör félagsfólks. Um starfsemi FÍN gilda lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

### Almennt

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) lítur það jákvæðum augum um að skýra beri ferli um mat á hæfni umsækjenda um störf forstöðumanna. Í 4 gr. umræddra draga er fjallað um verkefni hæfnisnefndar, þannig er tilgreint að nefndin skuli í hvívetna gæta samræmis gagnvart umsækjendum og að jafnræði sé í heiðri haft. Í annarri málsgrein 4. gr. segir að nefndin skuli gera áætlun um ráðningarferli og að til grundvallar slíkri áætlun skuli koma fram til hvaða atriða hæfnisnefnd er skylt eða heimilt að líta til við mat á einstökum þáttum og hvaða áherslur skuli vera í því sambandi. Þá segir að koma skuli fram í áætluninni hvað aðferðafræði eigi að beita við mat á umsækjendum.

FÍN bendir á að hinn opinberi geiri stendur frammi fyrir lýðfræðilegum og tæknilegum breytingum sem hefur það í för með sér að opinberir aðilar verða að getað laðað til sín bestu umsækjendurna um auglýst störf. Til þess að það sé hægt telur FÍN nauðsynlegt að staðla leiðbeiningar og önnur verkfæri sem notuð eru við ráðningar. Í ljósi þess að tilgreint er í 4 gr. að ráðgefandi nefndum er ætlað að að ákveða hvaða atriði og áherslur séu til grundvallar ráðningar í starf og að ráðgefandi nefnd beri einnig að ákveða hvaða aðferðafræði verði beitt vill FÍN áréttta eftirfarandi atriði:

- FÍN kallar eftir að verkfæri sem notuð eru við ráðningar verði stöðluð og að mælikvarðar í ráðningum séu aðgengileg verkfæri. Í 5. gr. umræddra draga er ráðgefandi nefndum gert að styðjast við staðlaða spurningalista í viðtölum. Vert er að taka fram að önnur verkfæri líkt og próf, geta einnig verið nýtanleg en þau kalla á stöðlun og skýrar leiðbeiningar við

notkun þeirra. FÍN telur að í stað þess að ráðgefandi nefnd sé falið að ákveða hvaða aðferðafræði sé beitt við ráðningar verði skrifaðar reglur um þá aðferðafræði sem almennt á að beita við ráðningar í störf forstöðumanna.

- FÍN lítur það jákvæðum augum að skýra eigi ferli við ráðningar forstöðumanna, en á sama tíma telur FÍN að æskilegt sé að bæta ráðningarferli við ráðningar í efstu stjórnendastöður stofnana. FÍN telur að gagnlegt geti verið að líta til Norðurlanda þegar að kemur að ráðningum forstöðumanna. Í Danmörku er til að mynda innan Medarbejder- og Kompetencestyrelsen ráðningarsetur sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi við ráðningar í efstu stöður stofnana sem heitir Statens Center for Rekruttering.<sup>1</sup> Innan þess ráðningarseturs starfa sérfræðingar á sviði ráðninga sem hafa umsjón með, sem og aðstoða við ráðningar, í efstu stöður ríkisins. Innan þess seturs hefur verið stöðluð aðferðafræði sem tekur mið af ákveðnum sveigjanleika vegna ólíkra starfa sem ráðið er í. Innan ráðningarsetursins hafa verið stöðluð próf til að nota við ráðningar. Ráðningarsetrið býður einnig upp á þjálfun fyrir starfsfólk sem sinnir mannauðsmálum. FÍN telur að heppilegt sé að setja á fót áþekkt ráðningarsetur fyrir opinbera aðila á Íslandi sem gæti verið innan Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

Hvort sem um er að ræða ráðningar forstöðumanna eða ædstu stjórnendur stofnana þá telur FÍN að ráðningar þurfi að vera framkvæmdar með faglegum og gagnsæjum hætti. FÍN telur að umtalsvert rými sé til að skýra betur ráðningarferli í stöður forstöðumanna hjá ríkinu en kallar einnig eftir að aðferðafræði verði stöðluð við ráðningar.

Virðingarfyllst f.h.

Félags íslenskra náttúrufræðinga



Marianna H. Helgadóttir, formaður



Orri Þrastarson, verkefnastjóri

<sup>1</sup> [Statens Center for Rekruttering \(medst.dk\)](http://Statens.Center.for.Rekruttering.(medst.dk))